

KÆRUNEFND HÚSAMÁLA

Skógarhlíð 6

105 Reykjavík

Sími: 545 8100

Bréfasími: 551 9165

Netfang: postur@kh.stjr.is

BEIÐNI UM ÁLITSGERÐ KÆRUNEFNDAR HÚSAMÁLA

— á grundvelli húsaleigulaga nr. 36/1994 —

Eyðublaði þessu er ætlað að auðvelda almenningi að koma erindi á framfæri við nefndina og tryggja að nauðsynlegar upplýsingar liggi fyrir þegar í upphafi. Það er ekki skilyrði fyrir meðferð nefndarinnar að eyðublaðið sé notað.

1. Upplýsingar um álitsbeiðanda:

Fullt nafn:	Kennitala:		
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
Heimilisfang:			
<input type="text"/>			
Póstnúmer:	Sveitarfélag:		
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
Netfang:	Heimasími:	Farsími:	Vinnusími:
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>

2. Upplýsingar um gagnaðila:

Nafn, heimilisfang og sími þess aðila sem ágreiningur er við:
<input type="text"/>
<input type="text"/>

3. Ágreiningsefni:

Gera skal skilmerkilega grein fyrir ágreiningi aðila:
<input type="text"/>

4. Kröfur og rökstuðningur:

Upptalning á kröfum álitsbeiðanda og rökstuðningur fyrir þeim:

5. Listi yfir meðfylgjandi gögn:

Upptalning á meðfylgjandi gögnum, t.d. húsaleigusamningi:

Staður og dagsetning

Undirskrift álitsbeiðanda

Leiðbeiningar um útfyllingu eyðublaðsins

Gera verður skýra kröfu um tiltekna niðurstöðu varðandi hvert ágreiningsatriði. Kærunefnd veitir ekki umsagnir um fræðilegar spurningar, heldur tekur afstöðu til krafna aðila.

Með álitsbeiðni verða að fylgja þau gögn sem varpað geta ljósi á mál, svo sem afrit af húsaleigusamningi, bréfaskriftum aðila o.s.frv.

Upplýsingar um kærunefnd húsamála

Hlutverk kærunefndar er að fjalla um hvers konar ágreining milli aðila leigusamnings við gerð og/eða framkvæmd samningsins.

Aðilum leigusamnings, einum eða fleiri, er heimilt en ekki skylt að leita til nefndarinnar með ágreiningsefni sín.

Nefndin er skipuð af félags- og húsnæðismálaráðherra. Nefndarmenn eru þrír og eru tveir þeirra lögfræðingar og sá þriðji hefur sérþekkingu á sviði byggingartækni. Nefndarmenn eru skipaðir samkvæmt tilnefningu frá Hæstarétti Íslands. Kostnaður við störf kærunefndar greiðist úr ríkissjóði og er málsmeðferð því aðilum málsins að kostnaðarlausu.

Með lögum nr. 63/2016 voru gerðar breytingar á húsaleigulögum sem m.a. felast í því að kærunefnd húsamála kveður upp bindandi úrskurði í málum á grundvelli húsaleigulaga þegar um er að ræða húsaleigusamninga sem gerðir eru **eftir** gildistöku laganna. Aðilum eldri leigusamninga er heimilt að semja um að lög nr. 63/2016 gildi um samninga þeirra. Kærunefndin veitir því áfram álit um ágreining á grundvelli leigusamninga sem gerðir eru **fyrir** gildistöku framangreindra laga. Álit nefndarinnar eru skrifleg og rökstudd og skulu að jafnaði veitt innan tveggja mánaða frá því að erindi barst nefndinni. Niðurstöðu nefndarinnar verður ekki skotið til annars stjórnvalds en meðferð nefndarinnar á ágreiningsefni eða álit hennar á því hindrar aðila á engan hátt í að leggja mál sitt fyrir dómstóla.

Álitsgerðir kærunefndarinnar eru birtar á úrskurðavefnum (www.urskurdir.is). Nöfn einstaklinga og heimilisföng koma ekki fram við opinbera birtingu.